

Þann 2018-04-18 kl. 10.00 kom byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis saman til **109. fundar** að Skólastíg 9, Hrafnagilshverfi. Formaður Hreiðar Bjarni Hreiðarsson, setti fundinn.

Fundinn sátu Hreiðar B. Hreiðarsson, Eyjafjarðarsveit, Elmar Sigurgeirsson, Eyjafjarðarsveit, Benedikt Sveinsson, Grýtubakkahreppi, Björn Ingason, Svalbarðsstrandahreppi, Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi. Bæði aðal- og varamaður Hörgársveitar boðuðu forföll.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Sigurbjörn Jakobsson, kt. 300882-3909, sækir um byggingarleyfi vegna byggingar bílskúrs við Túngötu 28, Grenivík. Meðfylgjandi eru uppdættir frá H.S.Á. teiknistofu dags. 2018-02-01.

Benedikt Sveinsson vék af fundi undir þessum lið.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. Guðmundur Emilsson, kt. 031178-3559, sækir um byggingarleyfi vegna byggingar einbýlishúss við Bakkatún 4, Svalbarðsstrandahreppi. Meðfylgjandi eru uppdættir frá Emil Þór Guðmundssyni dags. 2018-02-01.

Byggingarnefndar samþykkir erindið.

3. Kjarnafæði hf., kt. 581289-1899, sækir um byggingarleyfi vegna byggingar stigahúss og breytinga innandyra í húsi 10, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi eru uppdættir eftir Þröst Sigurðsson, Opus verkfræðistofu, dags. 2018-03-27.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. Sif Bjarklind Ólafsdóttir, kt., sækir um byggingarleyfi vegna endurnýjunar gólfvirkis í íbúðarhúsi að Sunnutröð 10, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi eru uppdættir frá Eggert Þórarinssyni hjá Epsilon byggingarráðgjöf ehf. dags. 2018-02-12.

Byggingarnefnd samþykkir erindið en bendir á að drendúk skuli komið fyrir utan á sökkulveggi hússins samkvæmt leiðbeiningum í matsgerð Sigurjóns Ólafssonar byggingarverkfræðings. Einnig telur nefndin að einangra ætti utan á sökkulveggi samhliða því að drendúk sé komið fyrir.

5. Jóhann Jóhannesson, kt. 271090-2349, sækir um byggingarleyfi vegna byggingar íbúðarhúss að Stalli, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi eru uppdættir eftir Adam Traustason hjá Eflu verkfræðistofu dags. 2018-02-26.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

6. Ásta A. Pétursdóttir, kt. 061074-5899, sækir um byggingarleyfi vegna byggingar tveggja alifuglahúsa að Hranastöðum, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi eru uppdættir eftir VGS verkfræðistofu, dags. 2018-04.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

7. Gísli Brjánn Úlfarsson kt. 260568-4189, sækir um byggingarleyfi vegna viðbyggingar við bílskúr að Brekkutröð 1, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi eru teikningar frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 2018-03-19.

Byggingarnefnd samþykkir erindið, en fer fram á að lagðir verði fram uppdættir sem sýna frágangur EI60 veggs við þakvirki sé í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar (153 BR1).

8. Kári Erik Halldórsson, kt. 160459-2989, sækir um byggingarleyfi vegna endurnýjunar frístundahúss í landi Guðrúnarstöðum, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi eru uppdættir frá Opus verkfræðistofu, dags. 2018-04-13.

Byggingarreglugerð kveður á um að undirstöður skuli vera úr varanlegu efni. Byggingarnefnd telur að í skýrslu sérfræðings sem fylgir umsókn sé sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að ending og styrkur undirstaða sé í samræmi við gildandi hönnunarstaðla. Með hliðsjón af því að um frístundahús er að ræða telur byggingarnefnd unnt að samþykkja erindið.

9. Hákon Bjarki Harðarson, kt. 211180-4639, sækir um byggingarleyfi vegna viðbyggingar við nýtt fjós og breyttu skipulagi í eldra fjósi að Svertingsstöðum 2, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi eru upprættir eftir AVH teiknistofu dags. 2018-03-26 og Jónasi Vigfússyni dags. 2018-02.

Byggingarnefnd samþykkti erindið.

Allar afgreiðslur nefndarinnar eru með fyrirvara um að fyrir liggi athugasemdalaus gátlisti eldvarnareftirlits vegna uppdráttar.

Fleiri mál ekki tekin fyrir. Fundi slitið kl. 11:45

Fundargerð ritaði Vigfús Björnsson.

Hreiðar B. Hreiðarsson Benedikt Sveinsson Elmar Sigurgeirsson Björn Ingason Vigfús
Björnsson